# HANDBÓK
# UM
# SJÓNLISTAVERKEFNI

**-íslenska sem annað mál-**

Pascale Darricau

Íslenskuver Breiðholts

## SKÓLI 1: SKÓLADÓT OG LITIR

### Markmið:

- Læra litina og skólaorðaforða (hlutir í skólastofunni)
- Skilningur (lestur eða hlustun)
- Ritun: Skrifa orðin

### Undanfari

- *Orðasjóður*: litir, skólastofa, hlutir í skólastofunni.
- *Ritrún 1 bls*. 20–23

### Námsgögn:

- Miðar með fyrirmæli (Dæmi: Teiknaðu mynd af rauðu pennaveski.)
- Lítil hvít blöð
- Stór lituð blöð

### Lýsing: Einstaklingsverkefni (20-30 mínútur).

1. Kennarinn les upphátt (hlustun) eða nemendurnir draga miða (lestur)
2. Nemendurnir teikna og lita á lítið blað og svo líma á stóra blaðið.

## SKÓLI 2: SKÓLASTOFA

### Markmið og undanfari:

Læra og virkja orðaforðann um skólastofuna.

Efla samskipti.

### Námsgögn:

Kartónpappír (A3) + Tímarit eða bæklingar (IKEA) + Skæri og lím + blýantur

### Lýsing: Hópverkefni.

Nemendur velja saman, klippa út og líma til að innrétta og hanna skólastofu. Hóparnir skoða myndirnar og ræða: Hvað er í skólastofunni? Hvað vantar? Hvað passar ekki?


skrifa
Lita
lita
Græni bók
blýantur
skólataska
LÍM
lím


Phương
RauðSkolataSka
Phương
Fjólublá Skæri
Phương
Mála
Phương
Gult Strokleður
Phương
1,2,3....
Telja

## LITAHRINGURINN

### Markmið:

- Rifja upp litina, læra um frumlitina og annars stigs litina. Læra að blanda litunum með þekjulitum.
- Nota sagnorðin að lita, að blanda, að mála, að klippa og að líma. Að æfa sig að segja „Ég blanda bláum og gulum og það verður …"
- Nota nokkur orð um veðrið eins og rigning, pollur, dropar, regnhlíf …

### Námsgögn:

- **Litirnir og litahringurinn**

Litahringurinn: https://mms.is/frettir/litahringurinn-og-form-nytt-namsefni

„Ég blanda litum" blað til að fylla (Sjá viðauka 1).

Litahringur til að lita og klippa út (Sjá viðauka 2).

- **Regnbogahlífin**

Þykkt blað eða kartónpappír (A4 eða stærri).

Heilmyndir af fólki (Ljósmyndir úr tímaritum t.d.).

Klessulitir

Vatnslitir

### Lýsing: Einstaklingsverkefni (2 kennslutímar).

- Kennarinn segir nemendunum að teikna á kartonpappír: rigningu, ský, dropa og polla með klessulitum (bara línur). Síðan mála nemendurnir yfir með ljósum vatnslitum.
- Kennarinn segir að verkefnið sé um litina og að blanda litunum rauðum, bláum og gulum, alltaf tveimur saman. Nemendurnir fá blaðið „Ég blanda litunum" og byrja að blanda og fylla. Oft vilja börnin prófa meira. Gott er að hafa aukablað, autt blað til að skrá niður þessar tilraunir.
- Nemendurnir velja sér mynd af manneskju, klippa hana út og líma á kartonpappír. Þeir klippa út litahringinn og líma á blaðið til að búa til regnhlíf.


ÉG BLANDA LITUNUM
blár
rauður
fjólublár
rauður
gulur
appelsínugulur
blár
gulur



## NÁTTÚRA OG FORM

### Markmið:

- Læra orðaforða um náttúru, grunnform, speglun, oddatölur og sléttar tölur.
- Efla fegurðarskyn (t.d. litasamsetningu, munstur og endurtekningu) og einbeitingu.
- Efla samvinnu og samskipti.

Auka: Þetta er tækifæri til að skoða listaverk frá öðrum menningarheimum.

### Undanfari:

- Tölur og grunnform.
- *Orðasjóður* um náttúra.
- Vettvangsferð með náttúrubingó (Sjá viðauka 3).

### Námsgögn:

- Náttúrulegt efni sem nemendurnir hafa safnað í vettvangsferðum. **ATHUGA**: Reynslan sýnir að kennarinn þarf að safna sjálfur og hafa tilbúinn efnivið til þess að það sé nóg af fjölbreyttum efnivið, formum og litum 😉.
- Fyrirmyndir og amboð (Sjá viðauka 4).
- Litaður kartónpappír (A3).
- Ljósmyndavél.

### Lýsing: Hópverkefni (2 eða 3) og einstaklingsverkefni (2-3 kennslutímar9.

- Kennarinn fjallar um listaverk (myndir) sem eru ekki gerð til að vera varanleg, einkum sandmyndir eins og sandmyndir í trúarathöfnum búddista eða Navajo indíána. Hann getur sýnt myndir af slíkum listaverkum.
- Hann segir nemendunum að gera mandala myndir úr náttúrulegu efni og sýnir fyrirmyndir. Hann leggur áherslu á form, munstur, endurtekningu (tölur) og speglun.
- Þegar nemendurnir hafa klárað myndirnar sínar tekur kennarinn ljósmynd.
- Nemendur sem eru búnir fá hvítt blað (A4) teikna mandala myndina sína.








Hringur
Þríhyrningur
Sexhyrningur
Ferningur
Átthyrning

# NÁTTÚRA OG LITIR

## Markmið:

- Læra orðaforða um náttúru, haust, liti og sjónlistir (að teikna, lita, mála, klippa út, líma o.fl.).
- Efla fegurðarskyn (t.d. litasamsetningu).
- Æfa að segja „Má ég fá...“,

## Undanfari:

- *Orðasjóður* um náttúra.
- Vettvangsferð með náttúrubingó.

## Námsgögn:

- Náttúrulegt efni sem nemendurnir hafa safnað í vettvangsferðum. **ATHUGA**: Reynslan sýnir að kennarinn þarf að safna sjálfur og hafa tilbúinn efnivið til þess að það sé nóg af fjölbreyttum efnivið, formum og litum 😉.
- Tússlitir (fyrir laufblöðin) og klessulitir (fyrir bakgrunninn).
- Þykkt blað eða kartónpappír (A3).
- Lím.

## Lýsing: Einstaklingsverkefni (2 kennslutímar).

- Kennarinn segir nemendunum að velja sér 2-3 laufblöð eða blóm og teikna útlínurnar með svörtum tússlit.
- Síðan lita nemendurnir laufblöðin með tússlitum.
- Í lokin nota þeir klessulitina til að gera bakgrunn (nudda blaðið með lit) og líma laufblöðin og blómin sem þeir völdu.







## ÁRSTÍÐIR

### Markmið:

- Læra orðaforða um árstíðir og veður.
- Æfa sig að lesa upphátt.
- Skilja fyrirmæli og fara eftir.

### Undanfari:

- *Ritrún 2* bls. 18–21
- *Orðasjóður* um veður og árstíðir.
- *Ég vil læra íslensku*: Veður
- *Helló heimur*: Árstíðir

### Námsgögn:

- Fyrirmæli fyrir byrjendur og fyrir lengra komna (Sjá viðauka 5).
- Hvítt blað (A4) brotið upp til að skipta í fernt.
- Trélitir og tússlitir.
- Stimplar (laufblöð, blóm…).

### Lýsing: Einstaklingsverkefni (1 kennslutími).

- Kennarinn útskýrir verkefnið: Nemendurnir rifja upp orðin um veðrið.
- Nemendurnir lesa fyrirmæli.
- Nemendurnir teikna og lita.


VETUR
VOR


VETUR
VOR
SUMAR
Haust

# TILFINNINGAR 1

## Markmið:

- Læra orðaforða um tilfinningar.
- Tjáning: Segja og skrifa orð eða málsgrein til að tala um tilfinningar, lýsa svipnum.

## Undanfari:

- *Orðasjóður* um tilfinningar.
- *Orðasjóður* um andlit.
- *Ritrún 2* bls. 6–7

## Námsgögn:

- Verkefnablað um tilfinningar (Sjá viðauka 6).
- Miðar með tilfinningar
- Hvítt blað (A4)
- Ljósmyndir af hálfu andliti (svart og hvítt) sem sýnir ákveðna tilfinningu.
- Lím og blýantur.

## Lýsing: Einstaklingsverkefni (1 kennslutími).

- Kennarinn útskýrir verkefnið. Nemendurnir rifja upp orðin á töflunni eða með verkefnablaði (Tengja mynd og tilfinningu).
- Nemendurnir draga miða þar sem stendur tilfinning.
- Nemendurnir finna ljósmynd sem passar við orðið. Þeir líma og teikna hinn helminginn. Þeir skrá orðið eða málsgrein um tilfinninguna.

Hann er svangur
Hann horfir á matinn.
Hann er með tunguna út.



Hun er
sorgmædd
hún er með
tár í
augunum



## TILFINNINGAR 2

### Markmið:

- Læra orðaforða um tilfinningar.
- Tjáning: Skilja spurninguna: „Af hverju er X leiður eða hræddur?“ Segja og skrifa orð eða málsgrein til að tala um tilfinningar.

### Undanfari:

- *Orðasjóður* um tilfinningar.
- *Ritrún 2* bls. 6–7.

### Námsgögn:

- Spil til að tjá sig um tilfinningar (t.d. *Practising pragmatics* frá Super Duper)
- Lítið hvítt blað (Minni en A5)
- Lituð blöð (A5)
- Litir, blýantur og lím.

### Lýsing: Einstaklingsverkefni (1 - 2 kennslutímar).

- Kennarinn útskýrir verkefnið. Nemendurnir skoða myndir og lesa stutta texta sem útskýra myndirnar.
- Nemendurnir velja sér tilfinningu og teikna mynd.
- Þeir skrá orðið eða málsgrein um tilfinninguna.
- Þeir líma blaðið á




nei!
1. STELPAN vill Hamstur
2. mama segir nei!
3. hún er dapur


LY
Drekka vatn!!
þetta er, ég eftir að spila badminton
Eg er þyrst.

## FÖT

### Markmið:

- Læra orðaforða um föt og persónulega hluti.
- Tjáning: Segja og skrifa orð um föt (Byrjendur) eða málsgrein til að lýsa fötunum (Lengra komnir).
- Fjölmenning: Skoða og ræða alls konar föt frá ólíkum menningarheimum eða föt í tengslum við starf, íþróttir eða veðurfar.

### Undanfari:

- *Orðasjóður* um föt og persónulega hluti.
- *Ég vil læra íslensku* um föt.

### Kveikja:

Bók eða myndir sem sýna alls konar fatnað.

### Námsgögn:

- Prenta á karton og klippa út dúkkulísur.
- Lítið hvítt blað
- Lituð blöð (A5)
- Litir, blýantur og lím.

### Lýsing: Einstaklingsverkefni (1-2 kennslutímar).

- Kennarinn útskýrir verkefnið, sýnir bók eða myndir. Nemendurnir skoða dúkkulísur og nokkur föt sem fyrirmyndir.
- Nemendurnir teikna fötin (nota skapalón ef þarf) og klippa.
- Þeir líma á litað blað.
- Þeir skrifa heiti fatanna eða lýsa fötunum.


þetta er ég.
Ég er að æfa hnefaleika
Ég er í stutt buxur og í bol.
BOXING
7


Stelpan er í víetnöskum fötum,
í buxur og í kjól.
þetta heitir áo dài.


Þessi Strákur er að Fara á
motor hjól. hann er með hjálm


þEtta er Lögregtumalui
Hann er peysu og í
buxum og með hatt,
HANN er með byssú og
handjárn.

## FÖT OG JÓL

## Þvottasnúra jólasveinsins

### Markmið:

- Læra orðaforða um föt og persónulega hluti. Læra orðaforða um jólin.
- Orðaforðavinna: Læra samsett orð.
- Tjáning: Ræða um jól og jólasveininn. Svara spurningunum: Í hverjum fötum er jólasveinninn? Hvernig eru fötin hans á litinn?
- Ritun: Skrifa niður orðin.

### Undanfari:

- *Orðasjóður* um föt og persónulega hluti.
- *Ég vil læra íslensku* um föt.
- *Þetta Reddast* um jól
- *Ritrún 1* bls. 24–26

### Námsgögn:

- Lituð þykk blöð, hvít, rauð, svört og gul.
- Skapalón.
- Blýantur, skæri og lím.
- Snúra og þvottaklemmur.

### Lýsing: Hópverkefni (2 kennslutímar).

- Kennarinn útskýrir verkefnið. Hann getur sagt litla sögu um jólasveininn sem er að undirbúa sig fyrir jól og þvær fötin sín.
- Nemendurnir skoða, teikna, klippa og líma
- Nemendurnir hengja fötin á snúruna.


ÞVOTTASNÚRA
JÓLASVEINSINS


JÓLASVEINSINS

## LÍKAMI 1

### Markmið:

- Læra orðaforða um líkama.
- Tjáning: Segja og skrifa orð um líkamshluta og líffæri.

### Undanfari:

- *Orðasjóður* um andlit og líkama.
- *Ég vil læra íslensku* um líkama.
- *Ritrún 2* bls. 3
- *Halló heimur*: Mannslíkaminn

### Námsgögn:

- Maskínupappír
- Svartir tússlitir
- Þekjulitir
- Miðar.
- Blýantar og lím

### Lýsing: Hópverkefni (2 + 1 kennslutímar).

- Kennarinn útskýrir verkefnið. Nemendurnir teikna útlínur eins nemanda á maskínupappír. Þeir búa til tvær myndir.
- Nemendurnir teikna föt og mála föt (Mynd 1) og teikna og mála líffæri (Mynd 2).
- Í síðasta tíma skrá þeir heiti líffæra og líkamshluta og tengja miðana við myndirnar eða líma þá á.





# LÍKAMI 2

## Markmið:

- Læra orðaforða um líkama og hreyfingar.
- Lesa dæmi og tölur, reikna út á íslensku.
- Tjáning: Segja og skrifa orð um líkamshluta. Svara spurningunni: Hvað er ... að gera?

## Undanfari:

- *Orðasjóður* um líkama og íþróttaæfingar.
- *Ég vil læra íslensku* um líkama og um sagnorð.
- *Halló heimur*: Mannslíkaminn.
- *Ritrún 2* bls. 3

## Námsgögn:

- Kartonpappír
- Skapalón (Sjá viðauka 7)
- Skæri og litir
- Split.
- Tafla og penni.

## Lýsing: Hópverkefni. (2-3 kennslutímar)

- Kennarinn sýnir brúðu (sprellikarl) og útskýrir verkefnið: Nemendurnir búa til stóra brúðu.
- Nemendurnir reikna út, margfalda til að stækka brúðuna.
- Nemendurnir teikna líkamshluta og lita.
- Nemendurnir klippa út, gera göt og setja sprellikarlinn saman.
- Hann er settur á töfluna. Nemendurnir nota hann til að sýna alls konar hreyfingar. Þeir skrifa sagnorð eða málsgrein til að svara spurningunni: Hvað er hann að gera?

## AUKA: **Einstaklingsverkefni.**

Hægt er að búa til litla sprellikarla og sleppa því að margfalda og stækka.


að dansa


að sitja


Sunny bíður eftir strætó

## FJÖLSKYLDA: AFI MINN OG AMMA MÍN…

### Markmið:

- Rifja upp fjölbreyttan orðaforða og læra ný orð.
- Skilningur: Lesa og skilja texta með hjálp myndanna.
- Ritun: Æfa sig að skrifa íslenskan texta.

### Undanfari:

- *Orðasjóður* um fjölskyldu.
- *Orðasjóður* um húsdýr.
- Hlusta á sönginn.

### Námsgögn:

- Textinn (Sjá viðauka 8).
- Tafla og pennar.
- A4 hvít blöð.
- Blýantar og tússlitir.

### Lýsing: Einstaklingsverkefni (1-2 kennslutímar).

- Hópurinn hlustar á sönginn.
- Nemendurnir lesa erindi.
- Kennarinn útskýrir og teiknar á töfluna mynd.
- Nemendurnir velja eitt erindi og myndskreyta.

### Framhald:

Í byrjun hvers dags syngur hópurinn eitt erindi.  Í næstu viku er skipt út lagi.


AFI MINN OG AMMA MÍN
ÚT Á BAKKA BÚA
ÞAU ERU BÆÐI SÆT OG FÍN
OG ÞANGAÐ VIL ÉG FLJÚGA
BAKKI
LY


Fyrir utan gluggann
Victoria


Natalia


Kristín litla komdu hér
Með kalda fingur þína
Ég skal bráðum, bráðu þér
Báða lófa mína,
THUAN

## HÚS

### Markmið:

- Læra og virkja orðaforðann um hús.
- Hlustun og tjáning: Skilja og svara spurningum: Hvaða herbergi er þetta? Hvað er í herberginu? Hvaða húsgögn viltu setja inn í herbergið?

### Undanfari:

- *Ritrún* 2 bls. 14–17
- *Orðasjóður* um heimilið.
- *Ég vil læra íslensku* um hús.

### Námsgögn:

- Fyrirmynd: Hús í kassa.
- Stórir kassar sem búið er að skipuleggja (veggir, hæðir).
- Tímarit og bæklingar (hús, innréttingar, húsgögn).
- Skæri, lím.
- Efni og verðlaust dót til að innrétta.
- Smá dót (t.d. playmobil eða lego)

### Lýsing: Hópverkefni (4 í hóp). Þetta verkefni tekur 2 + 2 kennslutíma.

- Kennarinn kemur með tilbúið hús (fyrirmynd) eða mynd af húsi og útskýrir verkefni.
- Hópurinn velur sér kassa. Hver nemandi velur herbergi (hér þarf að semja 😉)
- Nemendurnir finna sér myndir af húsgögn og alls konar dót til að innrétta). Þeir klippa út og líma.
- Hópurinn sýnir húsið. Nemendurnir svara spurningum um herbergið sitt.

### Framhald:

Ef kennarinn er með smádót er hægt að búa til bæklingar og láta nemendur „kaupa“ húsgögn og dót. Þeir reikna út hvað það kostar að innrétta húsið.


77.300,-
59.400,-









# HERBERGI OG HÚSGÖGN

## Markmið:

- Virkja orðaforðann um heimili og húsgögn.
- Lestur: Lesa orð og tengja við myndir
- Tjáning: Skilja og svara spurningum: Hvaða herbergi er þetta? Hvað er í herberginu?

## Undanfari:

- *Ritrún 2* bls. 14–17
- *Orðasjóður* um heimilið.
- *Ég vil læra íslensku* um hús.

## Námsgögn:

- Tilbúnar möppur: Hver mappa inniheldur lista af húsgögnum sem tilheyra ákveðnu herbergi og blöð úr tímaritum og bæklingum með nokkrar myndir af þessum húsgögnum.
- Hvít blöð.
- Skæri og lím.
- Blýantur.

## Lýsing: Einstaklingsverkefni (1 kennslutími).

- Kennarinn útskýrir verkefnið, sýnir lista og úrklippur úr tímaritum.
- Nemendur draga miða með heiti af herbergi. Hópurinn rifjar upp hvað herbergi þetta er, hvað finnst í þessu herbergi.
- Hver nemandi fær möppu. Hann les listann, finnur myndir sem hann vill nota til að hanna herbergi. Ef til vill teiknar hann það sem hann finnur ekki.

ELDHÚS: Klippa og líma + Teikna

- Eldavél
- Vaskur
- Skápar
- Hillur með mat / diska og potta
- Klukka
- Gluggi
- Borð og stólar





BARNAHERBERGI: Klippa og líma + Teikna

- Rúm
- Skrifborð og stóll
- Skápur
- Kassi
- Hillur
- Leikföng
- Gluggi
- Myndir á vegg
- Teppi á gólfinu





# FUGLAR

## Markmið:

- Hlustun og ritun: Læra orðaforða um fugla og skrifa niður.
- Hlustun: Læra sagnorð til að segja frá að velja, að mæla, að binda, að skera, að líma.
- Hlustun og samskipti: Fara eftir leiðbeiningum, biðja um hjálp, spyrja spurninga.

## Undanfari:

- *Ritrún* 1 bls.10–15
- *Orðasjóður* um dýr
- *Ég vil læra íslensku* um dýr.

## Námsgögn:

- Glósubók, blýantur.
- Myndaskeið (þögul) á netinu sem sýnir hvernig að búa til fugl úr ull. Kennarinn segir frá.
  https://www.youtube.com/watch?v=OwaEZyQyv5w
  https://www.youtube.com/watch?v=BhCE_70NhYQ
- Garn í mismunandi litum.
- Litaður pappír eða efni (svartur og gulur) fyrir gogginn. Perlur eða pappír fyrir augun.
- Kartón (12 x 8,5) til að mæla.
- Skæri.

## Lýsing: Einstaklingsverkefni (1-2 kennslutímar).

- Orðaforðavinna: Kennarinn kennir grunnorðaforða um fugl (goggur, vængur, stél, fjöður, augu).
- Nemendurnir teikna fugl og glósa orðin.
- Nemendur horfa á myndskeiðina. Kennarinn útskýrir.
- Hver nemandi velur sér þrjá liti.
- Kennarinn sýnir aftur myndskeiðina og stoppar fyrir hvert skref. Hann aðstoðar nemendurna.


Þriðjudagur 28. mars.
FUGL
höfuð
auga
stél
Goggur
bringa
vængir
fætur
Fjöður
Garn
að prjóna
Teikna
Myndmennt
Föndur



# ANDHEITI 1

## Fyrir lengra komna.

## Markmið:

- Læra hugtökin andheiti og andstæður.
- Læra lýsingarorð.
- Gera þessi hugtök áþreifanlegri.

## Undanfari:

- Verkefni um andheiti (t.d. frá 123skóli)
- *Ritrún 2* bls.26
- Verkefna blöð um nokkrar andstæður og leiðbeiningar/fyrirmæli til að gera mynd sem sýnir þessar andstæður (Sjá viðauka 9).

## Námsgögn:

- Nokkrir miðar með andstæður.
- A4 blöð sem sýna andstæður (fáir/margir; litríkur/einlitur; svartur/hvítur; harður/mjúkur, léttur/þungur, boginn/beinn, tómur/fullur, stór/lítill, stuttur/síður)
- Fjölbreytt verðlaust efni (pappír, karton, járn, leður, garn, efni og viður)
- Kartón eða þykkur pappír.
- Skæri, lím (m.a. trélím og límbyssa), reglustikur, blýantar, stimplar, tússlitir og trélitir

## Lýsing: Einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Þetta fer eftir verkefni og ósk nemanda. (2 kennslutímar)

- Kennarinn fer eftir nokkrar andstæður með nemendunum.
- Nemendurnir draga miða og vinna skriflegt verkefni.
- Nemendur lesa fyrirmæli og gera myndirnar.


kaldur
heitur


langur,
stuttur


Boginn


Beinn
GREEN Plaza
Cazino





Þungur og léttur – Mjúkur og harður – Svartur og hvítur



Litríkur



## ANDHEITI 2

### Fyrir miðstig eða byrjendur

## Markmið:

- Læra hugtökin andheiti og andstæður.
- Læra nokkrar andstæður.
- Gera þessi hugtök áþreifanlegri.

## Undanfari:

- Verkefni um andheiti (t.d. frá 123skóli)
- *Ritrún 2* bls.26

## Námsgögn:

- Nokkrir miðar með andstæður.
- A4 verkefnablöð um andheiti (Sjá viðauka 10)
- Tímarit eða gamlar bækur til að klippa
- Skæri, lím, blýantar, trélitir

## Lýsing: Einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Þetta fer eftir verkefni og ósk nemanda (1-2 kennslutímar).

- Kennarinn fer eftir nokkrar andstæður með nemendunum.
- Nemendurnir draga miða, finna myndir sem passa við orðin.
- Þeir klippa út myndirnar, líma, teikna og skrifa.




**himinn - jörð**




**sorg - gleði**




**nótt - dagur**

# FURÐUDÝR

## Markmið:

- Kynna sér heiti dýra.
- Kynna sér orðaforða um dýr (líkamshluta)
- Ritun: Skrifa stutta lýsingu um dýr

## Undanfari:

- *Orðasjóður* um villt dýr
- *Ég vil læra íslensku* um dýr.

## Námsgögn:

- Leiðbeiningar (Sjá viðauka 11)
- Listi um villt dýr með orð og myndir (Sjá viðauka 12)
- Stílabók, blýantur.
- Kartón (A3) til að mæla.
- Tússlitir svartir
- Stimplar og blek
- Vatnslitir

## Lýsing: Einstaklingsverkefni (2+1 kennslutímar).

- Leiðbeiningar: Kennarinn kynnir verkefnið og sýnir dæmi.
- Nemendurnir fá lista af dýrum og velja sér 2-3 dýr til að búa til furðudýr.
- Nemendur teikna dýrið með blýanti, fara svo yfir útilínurnar með tússlit. Þeir sem vilja stimpla til að skreyta myndina.
- Nemendurnir vatnslita.
- Nemandinn skrifa stutta lýsingu um furðudýrið.

ATHUGA: Fyrir krakka sem vilja ekki teikna er gott að hafa mýndir af dýrum úr tímaritum sem þeir geta klippt út og setja svo saman.











Mitt furðu dýr er
krókódíll með
vængi eins og
fugl

Mitt furðudýr er
með ~~kæ~~ haus eins og kisa, með
búk eins og hákarl, með
gæm eins og eðla

## VIÐAUKI 1



**VIÐAUKI 2**



**VIÐAUKI 3**

| | |
|---|---|
| GRAS  | BLÓM  |
| BER  | LAUFBLAÐ  |
| SKÝ  | STEINAR  |
| MOLD  | GREIN  |
| RÓT  | TRÉ  |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
|  Á |  FOSS |  FUGL |  SKÓGUR |  FURA |
|  STRÁ |  KANÍNA |  HUNDUR |  BRÚ |  SVEPPUR |

**VIÐAUKI 4**




 **HRINGUR**

 **GEISLAR**

 **ÞRÍHYRNINGUR**

 **STJARNA**

**ODDATALA:** 1, 3, 5, 7, 9, … og **SLÉTT TALA:** 2, 4, 6, 8


1
3
8

VIÐAUKI 5

# ÁRSTÍÐIR 1

Teiknaðu fjögur tré.

1) Fyrsta tréð

Fyrsta tréð er ekki með laufblöð því það er vetur. Tréð er svart.

Himininn er grár. Það er skýjað. Það snjóar. Teiknaðu *snjókorn*.



2) Annað tréð

Annað tréð er með *brum* á greinunum því það er vor. Teiknaðu líka tvo fugla í trénu og eitt *hreiður*.

Það er rigning og sól. Teiknaðu líka regnboga.





3) Þriðja tréð

Þriðja tréð er með græn *laufblöð* því það er sumar. Sólin skín og himininn er blár.

Í kringum tréð eru *blóm* og grasið er grænt.







4) Fjórða tréð

Fjórða tréð er með gul, rauð og appelsínugul laufblöð því það er haust.

Það er mikill *vindur* og *laufblöð fjúka* í himininn.

Það er búið að rigna. Það eru *pollar* undir trénu.







# ÁRSTÍÐIR 2

Teiknaðu fjögur tré.

1) Fyrsta tréð

Það er **vetur**.



Teiknaðu *ský* og *snjókorn*. Litaðu *tré* svart.

2) Annað tréð

Það er **vor**. Teiknaðu brum, tvo *fugla* og eitt *hreiður*.





Það er *sól*, *rigning* og *regnboga*.

3) Þriðja tréð





Það er **sumar**. *Himininn* er blár.

Teiknaðu *laufblöð*, *gras* og *blóm.*



4) Fjórða tréð

Það er **haust**. Litaðu *laufblöð* gul, rauð og appelsínugul.

Það er *vindur*. Teiknaðu *polla* undir trénu.







**VIÐAUKI 6**

# TENGJA SAMAN











- feiminn
- hissa
- svöng
- hræddur
- lasinn
- döpur
- reið
- þyrstur
- glaður
- saddur











VIÐAUKI 7

**BRÚÐA** (einstaklingsverkefni)

Nú ætlar þú að búa til brúðu.

Hún á að vera með liðamót:

- Með axlir, olnboga og úlnlið til að beygja handleggi.
- Með mjaðmir, hné og ökkla til að beygja fótleggi.

Notaðu kartón til að teikna og klippa út:

- höfuð með háls og búk
- tvo fætur, tvo kálfa og tvö læri
- tvær hendur, tvo framhandleggi og tvo upphandleggi



**SKAPALÓN FYRIR BRÚÐU**

**AÐ STÆKKA**

Að margfalda (x) til að stækka líkamshluta

**Búkur**: 3 x 8,5 = 25,5

Þrísvar átta komma fimm er jafnt og tuttugu fimm komma fimm.

**Höfuð**: 3 x 4 =

Þrísvar fjórir er jafnt og …

**Upphandleggur og framhandleggur**: 3 x 4 =

……………………………………………………………………

**Hönd**: 3 x 2,5 =

…………………………………………………………………….

**Læri**: 3 x 6,5 =

…………………………………………………………………….

**Kálfi**: 3 x 6 =

…………………………………………………………………….

**Fótur**: 3 x 3 =

…………………………………………………………………….

SKA



**F**ljúga hvítu **f**iðrildin
**F**yrir utan gluggann
Þarna siglir einhver inn
Ofurlítil duggan.

Sigga litla systir mín
Situr út í götu
Er að mjólka ána sína
Í ofurlitla fötu.

**K**ristín litla **k**omdu hér
Með **k**alda fingur þína
Ég skal **b**ráðum, **b**jóða þér
**B**áða lófa mína.

Afi minn fór á honum rauð
Eitthvað suður á bæi
**S**ækja bæði **s**ykur og brauð
**S**itt af hvoru tagi.

**A**fi minn og **a**mma mín
Út á b**a**kka búa
**Þ**au eru bæði sæt og fín
Og **þ**angað vil ég fljúga.

VIÐAUKI 9 (fyrir lengra komna)

## ANDSTÆÐUR

**langur-stuttur**

**mjúkur-harður**

**fullur-tómur**

**heitur-kaldur**

**fáir-margir**

**kringlóttur – ferkantaður**

**einlitur-litríkur**

## BOGINN / BEINN

## TEIKNAÐU

1) **Litrík** fjöll. Gerðu **bognar** línur.



2) Teiknaðu **einlitt** hús með reglustíku til að gera **beinar** línur. Notaðu bara einn lit.



# GERÐU KARL.

**Notaðu:**

1) Dót sem **kringlótt**

2) Dót sem er **ferkantað**



# LÉTTUR / ÞUNGUR



## FLOKKA: fjöður, ull, steinn, bómull, fíll, fugl, hvalur, blaðra

| léttur | þungur |
|---|---|
| | |

**fjöður** 

**ull** 

**steinn** 

**bómull** 

**fiðrildi** 

**hvalur** 

**fíll** 

**blaðra** 

**Notaðu létt efni til að búa til mynd af litlu og léttu dýru og gerðu mynd af þungu dýri.**

# STUTTUR / LANGUR, SÍÐUR

## TEIKNAÐU, KLIPPTU OG LÍMDU

1) Teikna lítinn strák með **stutta** fætur og **stutt** hár.

2) Teiknaðu stóra stelpu með **langa** fætur, og **sitt** hár.

3) Klippa út föt:

   - **stutt**buxur og **stutt**ermabol handa stráknum
   - **síðan lang**ermakjól handa stelpunni.



4) Festa fötin.



## FÁIR / MARGIR

1) Búa til fá fiðrildi (ekki fleiri en 5) með origami. Líma þau og teikna landslag.

2) Stimpla mörg fiðrildi og mörg blóm og lita þau.



# HARÐUR / MJÚKUR

## FLOKKA:

| harður | mjúkur |
| --- | --- |
| | |

**fjöður** 

**ull** 

**steinn** 

**bómull** 

**demanti** 

**hamar** 

**feldur**  

Notaðu **hvíta** ull og annað **hvítt og mjúkt** til að búa til **mjúka** mynd og settu **svarta** steina til að hafa eitthvað **hart**.

# FULLUR / TÓMUR



| Þetta glas er tómt. | Þetta glas er hálf fullt. | Þetta glas er fullt. |
|---|---|---|

**VELJA: blómum, bókum, leikföngum, eggjum**







Þessi hilla er **hálf full af** ......................

Þessi kassi er **fullur af** ..........................

Þetta box er **hálf fullt af** .........................

Þessi garður er **fullur af** ......................





Þessi maður er fullur af góðum ...................... (steinum, hugmyndum, blómum)



Magi úlfsins er fullur af ............... (steinum, hugmyndum, börnum)



Þessi bók er full af skemmtilegum ..................... ( steinum, sögum, myndum)

Fykktu boxið þangað til það sé fullt.

Fylltu boxið þangað til það sé hálf fullt.

# HEITUR / KALDUR

## FLOKKA:

| heitur | kaldur |
| --- | --- |
| | |

**eldur** 

**ís** 

**snjór** 

**sól** 

**kaffi** 

**ísjaki** 

**eldgos** 

**snjóhús** 

**Gerðu mynd af köldu landi (klippa, teikna, líma)**

**Gerðu mynd af heitu landi (klippa, teikna, líma)**

VIÐAUKI 10

# ANDHEITI

| | | |
|---|---|---|
| **SKRIFA** | | |
| **LÍMA**<br><br>**TEIKNA** | | |

**……………………… /……………………….**

VIÐAUKI 11

# FURÐUDÝR

# SAMSETT DÝR

1. TEIKNA MEÐ BLÝANTI OG TÚSSLIT

2. STIMPLA

3. VATNSMÁLA

4. STIMPLA AFTUR



ÍKORNI

FIÐRILDI

FUGL



REFUR

HESTUR

FUGL

VIÐAUKI 12

# DÝR

Úlfur 

Björn  Pandabjörn 

Refur 

Dádýr 

Villigöltur 

Ugla 

Fíll 

Krókódíll 

Nashyrningur 

Flóðhestur





Strútur



Gíraffi



Ljón



Sebrahestur



Örn



Páfugl



Úlfaldi



Lamadýr



Tigrisdýr



Api



Hvalur





Hákarl



Leðurblaka



Mörgæs



Selur



Skjaldbaka



Krabbi



Snigill



Íkorni



Fluga



Fiðrildi



Kengúra



Kóalabjörn



Eðla



Kolkrabbi



Risaeðla



Kameljón

